



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Matreiðslumaður, matreiðsla

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir helstu eiginleika og verkan hráefna sem notuð eru við matreiðslu, og gerir sér grein fyrir mögulegum hættum sem notkun þeirra felur í sér og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og tækja sem matreiðslumenn nota við vinnu sína, svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- gengur til matreiðslustarfa af fagmennsku og öryggi
- er fær um að matreiða úr öllu hráefni eftir almennt viðurkenndum aðferðum
- er fær um að semja uppskriftir og matseðla
- þekkir skaðsemi örvera og hagnýtt gildi þeirra
- þekkir næringarinnihald þeirrar vöru sem framreidd er hverju sinni
- getur skipulagt veisluhöld og alla venjulega framsetningu veitinga
- þekkir hráefni og meðhöndlar þau til geymslu og matreiðslu.
- hefur grundvallarkunnáttu í tungumálum og raungreinum og almenna fræðslu um réttindi og skyldur iðnaðarmanna
- kann skil á arðsemiskröfum og verðútreikningum

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Matreiðslumaður matreiðir allan mat sem á boðstólum er á hótélum, veitingahúsum, í mótuneytum, félagsheimilum og á öllum stöðum öðrum þar sem matreiðsla fer fram í atvinnuskyni. Á þeim stöðum þar sem framreiðsla er innt af hendi til gesta gengur matreiðslumaður frá mat í hendur framreiðslumanns í eldhúsi, eða býtibúri, eftir því sem við á. Matreiðslumaður sér um undirbúning matreiðslu, matreiðir og gengur frá að loknu starfi samkvæmt góðum, faglegum venjum. Rétt til starfa í matreiðslu hafa þeim sem leyst hafa til sín sveinsbréf í matreiðslu sem iðnaðarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Menntamálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs eða meistaraskóli.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, reglugerð um sveinspróf nr. 525/2000. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanámi er samtals 120 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Menntamálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
--